



1. útgáfa / 29.11.2014

Öryggisblað (SDS)

skv. reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

1.1 Vörukenni

Vöruheiti: **NExBTL Renewable Diesel**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Notkunarsvið: Eldsneyti

1.3 Upplýsingar um þann aðila sem er ábyrgur fyrir öryggisblaðinu eða afhendingu þess

Söluaðili: Atlantsolía ehf
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

Sími: 591 3100
Bréfsími: 591 3101
Netfang: atlantsolia@atlantsolia.is
Veffang: www.atlantsolia.is

1.4 Neyðarsímanúmer

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni.
Sími. 543 2222. Símanúmer neyðarlínunnar er 112.

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnis eða efnablöndu

Hættugreining byggð á flokkun skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum:

Xn, hættulegt heilsu

H65: Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

H66: Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Hættugreining byggð á flokkun skv. reglugerð nr. 866/2012:

H304: Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.

EUH 066: Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

2.2 Merkingaratriði

Merking skv. reglugerð nr. 866/2012:

Hættumerki: GHS08



Viðvörðunorð: Hætta.

Hættusetningar:

H304 Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.

EUH 066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Varnaðarsetningar:

V301+V310 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

V331 EKKI framkalla uppköst.

V501 Fargið innihaldi/íláti hjá spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur

Eldfímur vökví. Olíumistur getur valdið ertingu í augum og öndunarfærum. Hætta á mengun í jarðvegi og grunnvatni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.1 Efni

Innihald skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum:

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Flokkur	Merki	H-setningar	Styrkur
Endurnýjanleg vetniskolefni (dísil)	-	-	-	Xn	65-66	~100%

Innihald skv. reglugerð nr. 866/2012:

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Hættuflokkur	H-setningar	Styrkur
Endurnýjanleg vetniskolefni (dísil)	-	-	Eit. v. ásvelg. 1	H304	~100%

Athugasemdir varðandi innihald:

Blanda af endurnýjanlegu díslí og aukaefnum. Inniheldur meðalléttar olíur af ísó -og paraffínvetniskolefni. Hlutfall arómata er 1,0% af þyngd.

Auðkenni utan ESB: Alkanar, C10-20 - greinóttir og ógreinóttir (CAS-nr: 928771-01-1).

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLPI

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt:

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax læknis.

Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk!

Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi.

Sýnið lækni öryggisblað.

Innöndun:

Innöndun er ólíkleg vegna lágs gufuþrýstings efnisins við umhverfishitastig.

Sé efninu hins vegar andað inn skal færa þann slasaða í ferskt loft.

Leitið læknis eins og ástand segir til um eða ef óþæginda verður vart.

Snerting við augu:

Fjarlægjið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni og haldið auganu vel opnu á meðan.

Hafið samband við lækni ef erting er viðvarandi.

Snerting við húð:

Þvoið strax vel með miklu vatni og sápu. Fjarlægjið allan fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið.

Leitið læknis verði ertingar vart (t.d. roða í húð).

Inntaka:

Framkallið ekki uppköst.

Kasti sá slasaði upp skal koma í veg fyrir að efnið berist í lungu.

Leitið læknis.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Uppköst í kjölfar inntöku geta leitt til þess að efnið berist í lungu og þannig kemiskrar lungnabólgu.

Olíuúði getur valdið ertingu í augum og öndunarfærum.

Langvarandi eða síendurtekin snerting veldur húðþurrki og húðertingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Uppköst í kjölfar inntöku geta leitt til þess að efnið berist í lungu og þannig kemiskrar lungnabólgu.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIADGERÐA

5.1 Slökkvibúnaður

Viðeigandi slökkviefni:

Slökkviduft, kolsýra og sandur. Slökkvilið: Þungfroða og vatnsúði

Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota:

Kraft- og/eða rúmmálmikil vatnsbuna.

5.2 Sérstakar hættu af völdum efnisins eða efnablöndunnar

Sérstakar hættur við bruna:

Eldfimur vökvi. Í bruna er eykst sprengihætta vegna auksins þrýstings efnisins í umbúðum. Við bruna eða háan hita getur myndast eitruður reykur sem inniheldur kolmónoxíð (CO).

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað.

Slökkviliðsmenn sem eiga á hættu að anda að sér reyk eða lofttegundum frá brunanum skulu nota ferskloftsgrímu (SCBA).

Fjarlægð umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt, ef ekki, kælið með vatnsúða.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Fjarlægð alla íkveikjuvalda.

Haldið fólki fjarri og vindmegin við leka.

Notið viðeigandi hlífðarfatnað. Sjá 8. lið.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Stöðvið útbreiðslu efnis sem lekið hefur niður, sé það hættulaust.

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn, grunnvatn eða jarðveg.

Berist efnið í niðurföll, sjó eða ár skal gera viðkomandi yfirvöldum grein fyrir því.

Hætta á mengun jarðvegs og grunnvatns.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Hreinsið upp með óbrennanlegu ísogsefni, s.s. mold, sandi, kísilgúr eða sambærilegu efni.

Mokið/dælið upp og komið fyrir í merktu íláti. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.

Fyrirbyggjið eld -og heilbrigðishættu sem getur skapast við hreinsun á efninu.

6.4 Tilvísun í aðra liði

Sjá 8. og 13. lið.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ábendingar um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu.

Forðist snertingu við húð og innöndun olíuúða.

Notið viðeigandi hlífðarfatnað.

Ekki borða, drekka né reykja þegar verið er að meðhöndla efnið.

Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags.

Leki gerir gólf hál. Fylgið sérstökum leiðbeiningum við meðhöndlun efnisins í tönkum (hætta vegna súrefnisþurrðar og vetniskolefna).

Ábendingar um bruna- og sprengivarnir:

Haldið fjarri hitagjöfum og íkveikjuvöldum.

Fyrirbyggjið eftir aðstæðum myndun stöðurafragns.

Ábendingar um hollustuhætti á vinnustað:

Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðhöndlun efnisins.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

Kröfur um geymslusvæði og gáma:

Geymið í tönkum eða viðeigandi ílátum fyrir eldfima vökva.

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Verjist leka með því að útbúa lekaþrær og frárennslikerfi ásamt því að þekja áfyllistöðvar.

Geymið aðeins í vel lokuðum, upprunalegum og rétt merktum umbúðum.

Aðrar upplýsingar:

Notið umbúðir/ílát úr stáli eða ryðfriú stáli.

7.3 Sértæk, endanleg notkun

Engar upplýsingar liggja fyrir

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1 Takmörkunarfærubreytur

8.1.1 Viðmunarmörk

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið eða innihaldsefni þess.

Við notkun vörunnar geta eftirfarandi efni/efnasambönd myndast og skal miða við eftirfarandi mengunarmörk:

Efni	Meðalgildi ppm	Meðalgildi mg/m ³	Þakgildi ppm	Þakgildi mg/m ³
Olíuúði	-	5	-	-

8.1.2 Upplýsingar um ráðlagðar vöktunaraðferðir

Olíuúði: NIOSH aðferð 5026 skv. ÍST EN 689. Notast má við váhrifamörk fyrir vetniskolefni.

8.1.3 Upplýsingar um ráðlagðar vöktunaraðferðir

Engar upplýsingar.

8.1.4 Afleidd áhrifaleysismörk (DNEL-gildi) og styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC-gildi)

DNEL-gildi

Starfsfólk

Endurnýjanleg vetniskolefni (dísil)

Gegnum húð: 42 mg/kg - líkamsþyngd/dag (langtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

Innöndun: 147 mg/m³ (langtímaáhrif - staðbundin áhrif)

Almenningur

Endurnýjanleg vetniskolefni (dísil)

Gegnum húð: 18 mg/kg - líkamsþyngd/dag (langtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

Innöndun: 94 mg/m³ (langtímaáhrif - staðbundin áhrif)

8.2 Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu annað hvort með staðbundnu útsogi eða almennri loftræstingu.

Veljið persónuhlífar með hliðsjón af magni og styrk hættulegrar efna á vinnustað.

Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðhöndlun efnisins.

Persónuhlífar:

Til hlífðar öndunarfærum:

Sé loftræsting ekki nægjanleg skal nota viðurkennda öndunargrímu með síu af gerð A2/P2.

Síuna má aðeins nota í 2 klst. í senn. Ekki er hægt að nota öndunargrímuna þegar styrkur súrefnis er lágur (<17 vol.%).

Nægi loftræsting ekki til að halda styrk efnisins undir mengunarmörkum skal nota ferskloftsgrímu.

Skiptið reglulega um síur.

Öndunargrímur þurfa að uppfylla ÍST EN 140 og 141.

Til hlífðar höndum:

Nota skal viðurkennda hlífðarhanska úr nitrilgúmmí, neópreni eða PVC sem uppfylla ÍST EN 374 og 420.

Gegnþrengingartími >240, verndarflokkur 5.

Hanskar skulu vera viðurkenndir af framleiðanda. Endurnýið hanskana oft!

Til hlífðar augum:

Þétt hlífðargleraugu.

Til hlífðar húð:

Notið efnaþolin hlífðarfatnað úr afrafmagnandi efni.

Hreinlætisráðstafanir:

Almennar hollustustarfsvenjur á vinnustað.

Neytið hvorki matar né drykkjar meðan á notkun stendur. Reykingar bannaðar.

Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags.

Farið eftir áætlun um húðvernd. Þvoið menguð föt áður en þau eru notuð aftur.

Váhrifavarnir vegna umhverfis

Almenn ráðgjöf:

Verjist leka með því að útbúa lekaþrær og frárennsliskerfi ásamt því að þekja áfyllistöðvar.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um eðlisefnafræðilega grundvallaeiginleika

Útlit:	Tær vökvi með lága seigju
Lykt:	Einkennandi
Bræðslumark:	<-20°C við 1013 hPa (BS4633 aðferð EC A1)
Suðumark:	180-320°C (EN ISO 3405)
Blossamark:	>61°C við 1013 hPa (EN ISO 2719. aðferð EC A9)
Oxandi/eldnærandi:	Ekki oxandi
Sprengifimi:	Nei
Gufuprýstingur við 25°C:	0,087 kPa (Aðferð EC A4)
Eðlisþyngd við 15/20°C:	0,77 - 0,79 (Vatn =1, EN ISO 12185, Aðferð EC A3)
Seigja við 20°C:	4,0 mm ² /s
Seigja við 40°C:	2,6 mm ² /s
Leysanleiki:	
Vatn:	Óleysanlegt. (áætlað 0,075 mg/L við 25°C, (útreiknað))
Leysist í:	Metanól, hexan
Dreifistuðull n-oktanól/vatn:	>6,5 (Aðferð EC A15)

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar svo vitað sé til.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1 Hvarfgirni

Engin hættuleg efnahvörf við tilætlaða notkun.

10.2 Efnafraðilegur stöðuleiki

Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi

Engin efni sem skal varast eru þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast

Hiti, logar og neistar.

10.5 Ósamrýmanleg efni

Oxunarmiðlar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni

Ekki þekkt.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eituráhrif innihaldsefna:

Endurnýjanleg vetniskolefni (dísill):

LD50	Inntaka, rotta: >2000 mg/kg.
LD50	Gegnum húð, rotta: >2000 mg/kg
LC50	Innöndun í 4 klst., rotta: >4500 mg/m ³

Ertling og ætandi áhrif

Langvarandi og/eða síendurtekin snerting getur valdið ertingu og bólgu í húð.

Olíuúði getur valdið ertingu í augum.

Getur valdið ertingu í öndunarfarum.

Við inntöku getur efnið valdið ertingu í meltingavegi.

Ásvelgingarhætta

Hætta á kemískri lungnabólgu við inntöku eða uppköst.

Hættulegt við inntöku ef efnið kemst í öndunarveg.

Hætta á kemískri lungnabólgu við inntöku eða uppköst.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1 Eiturhrif

Bráð eituráhrif í vatni:

Endurnýjanleg vetniskolefni (dísill):

Fiskur	LL50 (96 klst.): >1000 mg/L
Krabbadýr	EL50 (48 klst.): >100 mg/L
Þörungar	EL50 (72 klst.): >100 mg/L

Langvinn eituráhrif í vatni:**Endurnýjanleg vetniskolefni (dísil):**

Krabbadýr	21dNOEC: >1 mg/L
Krabbadýr	21dLOEC: 3,2 mg/L
Setlífvera	10dNOEC: 373 mg/kg, 10dLOEC: 1165 mg/kg
Setlífvera	10dLC50: 1200 mg/kg
Örverur (skólpleðja)	EC50 (30 mín.): >1000 mg/L
Örverur (skólpleðja)	EC50 (3 klst.): >1000 mg/L

12.2 Þrávirkni og niðurbjótanleiki

Auðniðurbjótanlegt (OECD 301B). Ekki vatnsrof í vatni.

12.3 Uppsöfnun í lífverum

Hugsanlega uppsöfnun í lífverum: Log Kow>6,5.

12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Efnið gufar hægt upp úr jarðvegi og vatni. Leysist að hluta í vatni. Lífrænt efni í jarðvegi og seti geta sogað vetniskolefni að sér. (log Koc >5,6).

12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Blandan inniheldur engin efni sem gætu verið þrávirk, eitruð né safnast upp í lífverum (PBT/vPvB).

12.6 Önnur skaðleg áhrif

Ekki þekkt.

13. FÖRGUN**13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs****Förgun efnis/efnisleifa:**

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.

Koma skal efninu og ísogsefni eða jarðvegi menguðu af efninu til endurvinnslu/spilliefnamóttöku ef þess er kostur.

Förgun umbúða undan efninu:

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.

Tæmið umbúðir vel áður en þeim er skilað til förgunar/endurvinnslu.

Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

14. UPPLÝSINGAR UM FLUTNINGA**Vegflutningar ADR/RID:**

14.1 UN-númer:	1202
14.2 Rétt UN-sendingaheiti:	DIESEL FUEL
14.3 Hættuflokkur:	3
14.4 Pökkunarflokkur:	III
14.5 Umhverfishættur:	F (flýtur)
Flokkur:	3 (F1) Eldfimir vökvar

Sjöflutningar IMO/IMDG:

14.1 UN-númer:	1202
14.2 Rétt UN-sendingaheiti:	DIESEL FUEL
14.3 Hættuflokkur:	3
14.4 Pökkunarflokkur:	III
EMS-númer	

Flugfrakt ICAO/IATA:

14.1 UN-númer:	1202
14.2 Rétt UN-sendingaheiti:	DIESEL FUEL
14.3 Hættuflokkur:	3
14.4 Pökkunarflokkur:	III

14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

Engar.

14.7 Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og IBC-kóðanum

Skipaflutningar í búlki: Vöruheiti: Alkanar, C10-20 - greinóttir og ógreinóttir, (blossamark >60 deg.C) (NExBTL Renewable Diesel), Category Y, ST3.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Evrópureglugerðir

Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

15.2 Efnaöryggismat

Efnaöryggismat hefur verið framkvæmt fyrir þetta efni.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Skýringar á skammtöfunum:

- DNEL - Afleidd áhrifaleysismerk
- PNEC - Styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg
- PBT - Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð
- vPvB - Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í líverum í miklu magni
- LC50 - Banvænn styrkur, 50%
- LD50 - Banvænn skammtur, 50%

Hættusetningar, skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum:

- | | |
|----|--|
| 65 | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. |
| 66 | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. |

Hættusetningar, skv. reglugerð nr. 866/2012:

- | | |
|------|--|
| H304 | Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg. |
|------|--|

Útgáfa: 1.

Dags.: 29.11.2014

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (FI).

Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.

*Frumheimild: NExBTL Renewable Diesel; Neste 100 % NExBTL -diesel; Neste Green 100 -diesel
 Útgefandi: Neste Renewable Fuels Oy
 Útgáfa: 3.2.2014
 Kemur í stað: 13.9.2012*